



Borgarráð

Tillaga um áframhaldandi útfærslu á deilibílaeigu í Reykjavík

Lagt er til að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði í samráði við skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar á umhverfis- og skipulagssviði, falið að útfæra áframhald á deilibíla verkefni sem stofnað var til árið 2017.

Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samráði við skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar verði falið að leita tilboða í verkefnið með verðfyrirspurn og útbúa, í kjölfar samningaviðræðna, þjónustusamning um rekstur deilibílaeigu (e. Car Sharing System) í Reykjavík til næstu tveggja ára. Gert er ráð fyrir því að framlag borgarinnar til verkefnisins, í þeim tilgangi að tryggja umhverfisvænar bifreiðar, gæði þjónustu, fjölda bíla og dreifingu þeirra í borginni, verði að hámarki fimm milljónir á ári. Á meðan þessu tveggja ára tímabili stendur er umhverfis- og skipulagssviði falið að vinna að frekari greiningum, stefnumörkun og undirbúningi ákvarðana um rekstur deilibíla og annarra sambærilegra samgangna í Reykjavík til lengri framtíðar.

Greinargerð

Samgöngur í Reykjavík eru að breytast hröðum skrefum. Sífelld fleiri taka strætó, ganga, hjóla eða nota örflæðilausnir til að komast leiðar sinnar. Samhliða aukinni notkun virkra ferðamáta er einkabílanotkun að dragast saman, samkvæmt nýjustu ferðavenjukönnunum. Ef Reykjavík ætlar að vera kolefnishlutlaus árið 2040 þarf að gera enn betur.

Samgöngusáttmáli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu tryggir stóraukna notkun almenningsamgangna með Borgarlínu og tryggir jafnframt aukna hjólreiðanotkun með bættu göngu- og hjólastíganeti. Þá hefur borgin lagt aukið fjármagn í Hjólreiðaáætlun, þ.m.t. lagningu hjólastíga, nafngift þeirra og stórbættar merkingar.

Samgöngur sem þjónusta (e. Mobility as a Service) hefur verið að ryðja sér til rúms á undanförunum árum. Þar er gengið út frá því að fólk eigi ekki lengur að þurfa að fjárfesta, eiga og reka einkabíl, heldur geti sótt sér þann fararskjóta sem hentar hverju sinni. Nú þegar er starfandi deilihjólaleigan Donkey í Reykjavík ásamt fjórum rafskútuleigum sem hafa notið mikilla vinsælda, Hopp, Zolo, Kikk og Wind. Til þess að auðvelda fólki að eiga ekki bíl, er því lagt til að borgin stuðli að öflugri deilibílaeigu innan borgarmarkanna.

Verklagsreglur Reykjavíkurborgar og gjaldskrá vegna stæða undir deilibíla á borgarlandi voru samþykktar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. september 2017 og á fundi borgarráðs þann 14. september sama ár. Reykjavíkurborg hefur boðið deilibílasamtökum / deilibílaeigum að leigja bílastæði á borgarlandi, við götukanta, á bílastæðalóðum og í

bílastæðahúsum í eigu borgarinnar, til þess að hjálpa deilibílaleigum að staðsetja bíla sem næst heimilum og fyrirtækjum. Samkvæmt reglunum innheimtir borgin ákveðið gjald fyrir afnot af deilibílastæðum og sér til þess að úthlutun stæðanna sé í samræmi við aðrar stefnur borgarinnar á hverjum tíma fyrir sig.

Undanfarin ár hefur deilibílaþjónustan Zip-Car boðið borgarbúum upp á að leigja deilibíla í Reykjavík. Viðskiptavinir Zip-Car eru bæði einstaklingar, stofnanir og fyrirtæki og hefur verkefnið gengið ágætlega. Hinsvegar er það mat Reykjavíkurborgar að til þess að ná fram markmiðum um breyttar ferðavenjur víðar í borginni þurfi deilibílaeiga að auka notkun enn frekar innan borgarinnar.

Borgarráð samþykkir að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í samráði við skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar að leita tilboða í verkefnið með verðfyrirspurn og leggja sanningsdrög fyrir borgarráð þegar þau liggja fyrir.

Reynsla af rekstri deilibílaeiga í borgum sýnir að slík þjónusta á betri möguleika á að ná árangri með stuðningi viðkomandi borgar. Nú þegar styður borgin við deilihjólaleiguna Donkey sem var komið á fót í kjölfar auglýsingar borgaryfirvalda. Því er lagt til að í framhaldi af auglýsingu um verkefnið geri borgin þjónustusamning við þá aðila sem samningar nást við m.t.t. verðs, gæða og rekstrarhæfis. Það er gert í þeim tilgangi að tryggja gæði og áreiðanleika deilibílaeigunnar, ráða staðsetningum m.t.t. greiningar skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar og síðast en ekki síst sanngjarnt verð á bílunum. Framlag borgarinnar til verkefnisins verði að hámarki fimm milljónir á ári yfir tveggja ára tímabil. Deilibílaeigur (e. Car Sharing Systems) hafa tryggt sér sess í fjölmörgum borgum erlendis, sem leggja áherslu á fjölbreytta ferðamáta og dregur úr þörfinni á að eiga og reka bíl. Tilgangur þeirra er að veita fólki aðgang að bíl fyrir stuttar ferðir innan borgarinnar.

Framlag borgarinnar verði greitt af loftslagsáætlun.

Dagur B. Eggertsson